

REGLUGJÖRÐ

um

innlenda tollvörugerð.**56**
22. júlí

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 50, 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur.

1. gr.

Hver sá sem reka vill vindla- og vindlingagerð, tilbúning á konfekti, karamellum, brjóstsykri, kaffibæti, óáfengum vínunum, ávaxtasafa, öli, limonaði eða öðrum samskonar drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, til sölu, skal leysa leyfisbrjef hjá lögreglustjóra þar sem atvinnan er rekin. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr., sem renna til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem nú reka tilbúning á framangreindum tollvörutegundum. Þeim sem leyst hafa leyfisbrjef samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1920, um innlenda vindlagerð og tilbúning á konfekt og brjóstsykri, skal þó heimilt að halda framleiðslu sinni áfram án þess að leysa nýtt leyfi, enda gildir leyfisbrjefið einnig fyrir aðrar framangreindar tollvörutegundir.

2. gr.

Fyrir hvert kg. af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í rikissjóð gjald, er nemi helmingi af aðflutningsgjaldi af vindlum og vindlingum eftir tollögum þeim, sem í hvert sinn gilda. Með vindlingum skal greiða gjald af umbúðum þeim, pappír, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í.

Fyrir hvert kg. af konfekti, karamellum og brjóstsykri þriðjung aðflutningsgjalds og af hverju kg., af kaffibæti og hverjum lítra eða $\frac{3}{4}$ lítra af óáfengum vínunum hálft aðflutningsgjald.

Af hverjum lítra af öli, limonaði eða öðrum samskonar drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og af hverjum lítra eða $\frac{3}{4}$ lítra af ávaxtasafa einn þriðja aðflutningsgjalds þess, sem af slíkum vörum ber að greiða eftir tollögum þeim, sem í hvert sinn gilda.

3. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send í umboðssölu. Heimilt er lögreglustjóra þó að veita greiðslufrest á gjaldinu, ef hann álitur næga tryggingu fyrir gjaldinu, þó aldrei lengur en svo að alt áfallið

56 gjald sje að fullu greitt við lok hvers ársfjórðungs. Gjald skal greiða af
22 júlí allri þeirri vöru, sem látin er burt, seld eða send í umboðssölu frá og með 1. júlí 1927.

4. gr.

Vindla- og vindlingagerðarmenn mega ekki selja vindla nje vindlinga öðruvísi en í kössum eða dósnum, sem lokuð sjeu á venjuiegan hátt, og skal letrað utan á vindlakassana nettópungi og brúttópungi vörunnar, en á vindlingaumbúðirnar brúttópungi.

Sje konfekt, karamellur eða brjóstsykur, selt í blikk-, trje- eða pappaubúðum skal nettópungi tilgreindur á umbúðunum, hann skal og tilgreindur á kaffibætisumbúðunum, úr hverju sem þær eru.

Á miðum þeim sem límdir eru á flöskur með öli, óáfengum vínnum, ávaxtasafa, límonaði og öðrum samskonar drykkjum, skal lítratal eða hve flaskan tekur mikinn hluta úr lítra nákvæmlega tilgreint með skírum stöfum, nema það sje tilgreint með upphleypum stöfum á ílátinu.

5. gr.

Framleiðendur vörutegunda þeirra sem ræðir um í reglugjörð þessari, skulu halda nákvæmar dagbækur, er sýni hve mikið af hverri tegund er framleitt til fullnustu og hversu mikið er bætt við af efni til varanna. Dagbækur þessar skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af lögreglustjóra. Vörugerðarmenn skulu og halda sölubækur, er sýni nákvæmlega hve mikið er selt af vörunni og af hendi látið. Þó getur lögreglustjóri leyft þeim að færa hinar seldu vörur í ofangreindar dagbækur, ef hann álitur að bókfærslan verði ekki ógleggri við það.

Lögreglustjóri hefir rjett til að rannsaka bækur þessar, svo og ef ástæða þykir til að rannsaka birgðir þær bæði af hráefnum og vörunni, er fyrir hendi eru á hverjum tíma, þegar hann óskar eða álitur þess þörf.

Í lok hvers ársfjórðungs skal innfæra í dagbækurnar til frádáttar birgðunum það, sem vörugerðarmaður hefir látið burtu, selt eða sent í umboðssölu, og skulu bækurnar þannig bera með sjer hversu mikið vörugerðarmaður hefir í sínum vörslum af hinni tilbúnu vöru í lok hvers ársfjórðungs.

6. gr.

Í lok hvers ársfjórðungs skal framleiðandi afhenda lögreglustjóra skýrslu með árituðu æru- og samviskuvottorði um það, hve mikið hafi verið framleitt af gjaldskyldum vörutegundum á verkstofu hans síðastliðinn ársfjórðung.

Þar skal og tilgreint hve mikið hafi verið úti látið og hvað miklar birgðir framleiðandi hafi undir höndum í lok ársfjórðungsins.

Á skýrslu framleiðanda skal forstjóri eða verkstjóri við vörugerðina **56**
rita vottorð um að skýrslan sje rjett að því er snertir framtal hinnar 22. júlí
tilbúnu vöru.

Skýrslu þessa skal afhenda lögreglustjóra í síðasta lagi innan viku
eftir lok ársjórðungsins að viðlagðri alt að 500 króna sekt og auk þess
má lögreglustjóri leggja 10 kr. dagsektir við, að skýrslan sje í tje látn.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum samkvæmt
7. gr. framannefndra laga 31. maí 1927, og fer um mál út af þeim brotum
eftir 8. gr. sömu laga.

Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1927.

Jón Þorláksson.

Gísli Ísleifsson.

REGLUGJÖRÐ

um

57
26. júlí

**breyting á hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá
30. ágúst 1926.**

25. grein hafnarreglugjörðarinnar breytist þannig:

V ö r u g j a l d s s k r á.

1. og 2. flokkur falli burt, en í staðinn komi:

1. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir 100 kg., kol, salt,, hey, korn-
vörur, fullsaltaður en óþurkaður fiskur.

3. flokkur falli burt, en í staðinn komi:

2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg., saltfiskur, sem
eigi fellur undir 1. flokk, steinolía, áburðarolía, bensín, sement.

3. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg., veiðarfæri, hrogn,
lýsi, sundmagi, fiskimjöl, kartöflur.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14.
nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. ágúst 1927 og birtist til eftirbreytni
öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júlí 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.